

un. Látið engan sjá mig; annars fer alt forgörðum. Gjörði það fyrir mig, að bíða til morguns”.

Hún var mjög fól og talaði af ákefð.

“Að hjálpa yður? Já, sjálfsagt”, mælti Dextry í ákveðnum róm. “Og sjáið þér til, ungfrú, — það liggur ekkert á með skýringar yðar. Okkur kemur ekkert við, hvað þér hafið gjört. Við erum ekki kennarar í siðfræði, og “hvorki guðs né manna lög hafa nokkru sinni komist norður fyrir fimtugustu og þriðju gráðu”, eins og leirskáldið kemst að orði. — Og hann gat ekki sannara sagt, þótt hann hefði vitað, um hvað hann var að tala. Hér hafa allir leyfi til að gjöra, hvað þeim gott þykir. Að ganga hreint að verki, og þar með búið”.

Hún hugsaði um þessa tölu hans og þótti hún helzt til frjálsleg. En í því bili varð henni litið á Glenister, er horfði á hana aðdáunar-augum að vísu, en augnaráðið var nokkuð djartmannlegt og heimtu-frekt. Hún þóttist nú sjá, að hún væri, ef til vildi, ekki sem bezt sett í þessu takmarkalausum landi frelsisins, og roðnaði hún ekki all-lítið. Hún athugaði hann nákvæmar; sá herðarnar samanreknu, hreyfingarnar örsnöru, limaburðinn fimlega og vöðvana aflþrungnu. Sama afl virtist lýsa sér í andlitsdráttunum; einkum kom þar í ljós fífldirfska og stjórnlaus ákafi. Fagur sýnum hlaut hann að álítast þrátt fyrir alt og alt.

“Yður vantar að felast?” spurði hann.

“Eg hefi all-mikla æfing í að fela mig, en ekki í því, að fela aðra. Hvað ætlist þér fyrir?”

“Hún verður hér í nótt”, greip Glenister fram